

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 2013 í máli nr. S-696/2012:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

Stefáni Loga Sívarssyni og

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Þorsteini Birgissyni

(Guðmundur St. Ragnarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 17. desember 2012, er höfðað með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 2. október 2012, á hendur ákærðu, Stefáni Loga Sívarssyni, kennitala 000000-0000, Skeljagranda 4, Reykjavík og Þorsteini Birgissyni, kennitala 000000-0000, Lindargötu 34a, Reykjavík, fyrir nauðgun með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember 2011, að Lindargötu 34a, Reykjavík, með ofbeldi og ólögmati nauðung þröngvað A, kt. 000000-0000, til samræðis og annarra kynferðismaka, en ákærðu héldu í hendur hennar og nýttu sér yfirburði sína vegna aðstöðu- og aflsmunar. Ákærði Stefán afklæddi A og þröngvaði henni til samræðis og síðan skiptust ákærðu á að þröngva henni til munnmaka við hvorn um sig á meðan hinn hafði við hana samræði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða henni í sameiningu miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 27. nóvember 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdeg vaxta í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Verjendur ákærðu gera þær kröfur að ákærðu verði sýknaðir af ákæru, en til vara að ákærðu verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er krafist frávísunar

bótakröfu, en til vara að bótakrafa verði verulega lækkuð. Loks krefjast verjendur hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember 2011, klukkan 5:25, barst lögreglu tilkynning um nauðgun og kom fram að brotþoli væri stödd að Laugavegi 0 í Reykjavík. Þar hittu lögreglumenn fyrir A, sem greindi frá því að hún hefði fyrir nokkru kynnst manni, sem hún taldi að hétí E, en hann hefði verið viðskiptavinur myndbandaleigu, þar sem hún starfaði. A gaf upp símanúmer mannsins, sem ákærði Stefán Logi reyndist vera skráður fyrir. Hún kvað manninn hafa hringt til sín um nóttina og spurt hvar hún væri. Hún hefði sagt honum að hún væri stödd á veitingastað við Hlemm. Hann hefði komið þangað á svartri bifreið í fylgd annars manns. Mennirnir hefðu dregið hana inn í bifreiðina og ekið að húsi skammt frá. Hefði ákærði borið hana á „háhesti“ inn í íbúð á jarðhæð hússins. Hún kvað mennina hafa nauðgað sér í íbúðinni og hefði það átt sér stað í rúminu og annars staðar í íbúðinni. Hún sagði mennina hafa skipst á að hafa kynferðismök við hana og hefðu þeir báðir sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar og munn. Þeir hefðu haldið höndum hennar og fótum á meðan á þessu stóð og rífið í hár hennar. Hún hefði reynt að ýta þeim frá sér, en þeir hefðu ekki látið af verknaðinum. Er þetta var yfirstaðið hefðu mennirnir ekið henni að Laugavegi 0, þar sem vinfólk hennar átti heima. Hún lýsti mönnunum sem sköllóttum, ljósbrúnum og vöðvamiklum. Þá kvað hún annan þeirra vera með „tribal“ húðflúr á handlegg og maga. Fram kemur í skýrslunni að A hafi verið í miklu uppnámi er rætt var við hana og hafi hún grátið og skolfið. Lögreglumenn ræddu við Z og B, íbúa að Laugavegi 0. Þau báru að A hefði vakið þau upp og hefði hún verið í miklu uppnámi. Kvaðst Z hafa séð dökkri bifreið ekið burt frá húsinu er hann hleypti A inn. Z kvaðst vera samstarfsmaður A og hafa séð manninn sem hún kallaði E á vinnustað þeirra. Hann kvað manninn hafa krafið A um símanúmer og hefði hann verið ógnandi við hana.

A var flutt á Neyðarmóttöku, þar sem lögreglumaður ræddi við hana og skráði niður nánari lýsingar hennar á atvikum. Kom fram hjá henni að maðurinn, sem hún taldi heita E, hefði komið á vinnustað hennar viku fyrr og krafist þess að fá símanúmer hennar. Hann hefði vakið hjá henni ótta. E hefði sent henni sms-skilaboð í tíma og ótíma og hringt mikið. Hann hefði ítrekað sent henni sms-skilaboð og hringt til hennar kvöldið áður og hefði hún svarað honum að hún gæti ekki hitt hann. Þá hefði Z vinur hennar svarað símtali E og þóst vera kærasti hennar. Undir morgun hefði E enn hringt og hefði hún þá sagt honum að hún væri á tilteknum veitingastað. Skyndilega hefði hann birst á veitingastaðnum og hefði hann farið með hana út í bifreið sem beið fyrir utan. Þar hefði annar maður verið fyrir, sem hún þekkti ekki. A kvaðst hafa sagt E að hún vildi ekki fara með honum og að hún vildi fara heim, en hann hefði tilkynnt henni að þau myndu fara heim til hans. Þau hefðu ekið að húsi sem hún taldi vera við Hverfisgötu. Þar hefði E tekið hana út úr bifreiðinni, lagt hana yfir öxl sér og haldið þannig á henni inn í húsið. Þegar inn í íbúðina kom hefði E afklætt hana, en vinur hans sest fyrir framan tölvu. Hefði E síðan haft samfarir við hana og spurt vin sinn hvort hann vildi ekki slást í hópinn, sem hann hafi gert. Það hefði gengið þannig fyrir sig að annar mannanna hefði látið hana hafa við sig munnmök á meðan hinn hafði við hana samfarir og hefðu þeir skipst á við þetta. A kvaðst hafa beðið E og síðan mennina báða um að

hætta þessu og hefði hún grátið meðan á þessu stóð.

Ákærðu voru handteknir síðar sama dag og yfirheyrðir af lögreglu. Ákærði Stefán Logi kvaðst hafa kynnst A á vinnustað hennar um það bil viku fyrr. Hann hefði fengið símanúmer hennar og hefðu þau átt nokkur símasamskipti. A hefði farið að svara sjaldnar símtölum hans er leið á vikuna og hefði hann talið að hún hefði ekki áhuga á að tala við sig. Laugardaginn 27. nóvember hefði hún síðan sent honum sms-skilaboð og þau spjallað saman í kjölfarið. Hefði hann spurt hana hvort hún vildi hitta hann um kvöldið, en hún ekki svarað því. Ákærði kvaðst hafa hringt til A um kvöldið, en slitið símtalinu eftir að einhver strákur svaraði. Hann kvaðst hafa sent A sms-skilaboð og spurt hvers vegna hún hefði ekki svarað honum, hvort hún væri smeyk við hann eða ætti kærasta. Hún hafði svarað að hún ætti kærasta, en jafnframt að hann skyldi hringja til sín eftir miðnætti. Ákærði kvaðst hafa gert það, en hún hefði ekki svarað símtölum hans. Um klukkan 4:30 hefði A síðan hringt og beðið hann um að sækja sig á veitingastað. Ákærði kvaðst hafa sótt hana á bifreið sinni og hefði meðákærði Þorsteinn verið með í för. Þau hefðu ekið að bensínstöð við Snorrabraut, en þar hefði Þorsteinn farið út úr bifreiðinni og farið að dæla á hana bensíni. Ákærði kvaðst hafa snúið sér að A, sem sat í aftursætinu, og sagt henni hvað honum þætti gaman að sjá hana aftur. A hefði þá byrjað að kyssa hann og hefði hann orðið mjög ánægður með það. Ákærði kvaðst hafa stungið upp á því að þau færu heim til Þorsteins við Lindargötu. Þau hefðu gengið þar öll saman inn og vel farið á með þeim. Tók ákærði fram að þau hefðu rætt við leigubifreiðarstjóra, sem hefði beðið eftir farþegum utan við húsið, og látið nágretta Þorsteins vita að leigubifreiðin biði eftir honum. Ákærði kvað þau A hafa byrjað að kyssast um leið og þau komu inn í íbúð Þorsteins. Þau hefðu farið upp í rúm og lítið rætt saman, en eitt leitt af öðru. Þau hafði „byrjað“, en ákærði þá tekið eftir því að Þorsteinn var að horfa á þau. Honum hefði fundist þetta óþægilegt og því spurt A hvort þau ættu ekki að leyfa Þorsteini að vera með. Þau hefðu rætt hvort þau ættu að stunda „hópkylníf“ eða „threesome“. Hann kvaðst ekki muna hver hefði fyrst haft orð á því, en hann hefði sagt: „já, já, þarfum það“ og hún hefði sagt „já“. Ákærði kvaðst hafa brugðið sér á salerni, en þegar hann kom til baka hefði A verið að hafa munnmök við Þorstein í rúminu. Ákærði kvaðst hafa haft kynferðismök við hana á meðan á þessu stóð, en síðan hefði hún haft munnmök við hann á meðan Þorsteinn hafði kynferðismök við hana. Hefði hún verið við það að fá fullnægingu og byrjað að klóra hann á innanverðu læri. Eftir þetta hefðu stúlkan og Þorsteinn fengið fullnægingu, en hún hefði síðan farið að gráta og sagst hafa samviskubit vegna kærasta síns. Hann hefði reynt að hugga hana, en hún hefði viljað fara. Ákærði kvaðst hafa boðist til að aka A þangað sem hún vildi fara og hefði hann síðan ekið henni að Laugavegi 0. Hann kvaðst hafa spurt hana að skilnaði hvort þau gætu hist aftur, þar sem honum líkaði vel við hana. Ákærði kvað þau A hafa haft kynferðismök með samþykki hennar. Hún hefði ekki neitað kynferðismökum. Þá hefði hún sjálf afklæðst kjól sem hún var í og átt frumkvæði að því að kyssa hann. Hann kvað þau ekki hafa verið lengur en 20 mínútur heima hjá Þorsteini. Við yfirheyrslu 28. nóvember 2011 neitaði ákærði því að annar hvor þeirra Þorsteins hefðu haldið á A inn í húsið við Lindargötu. Ákærði kvaðst hafa spurt stúlkuna hvort þau ættu að leyfa Þorsteini að taka þátt í kynferðismökunum og hefði hann orðið svo hissa þegar hún svaraði játandi að hann hefði spurt hana ítrekað hvort hún væri viss og hún játtað því.

Ákærði Þorsteinn kvaðst við yfirheyrslu 27. nóvember 2011 hafa verið með meðákærða Stefáni nóttina áður og hefðu þeir sótt þessa stúlku á veitingastað. Þau

hefðu ekið um og meðal annars stöðvað við bensínstöð við Snorrabraut til að taka bensín. Síðan hefðu þau farið heim til hans að Lindargötu 34a. Kvaðst ákærði hafa verið í tölvunni, en Stefán og stúlkan farið upp í rúm þar sem þau hefðu verið að kyssast og síðan haft samfarir. Borist hefði í tal að stúlkan hefði aldrei verið með tveimur mönnum í einu og hefði hann þá farið upp í rúm til þeirra og haft samfarir við hana. Ákærði kvaðst ekki vera viss um hver átti hugmyndina að því að hann tæki þátt í kynferðismökunum og ekki heldur muna hvað stúlkan hefði sagt við því. Hann kvaðst hafa haft kynferðismök við stúlkuna um leggöng og hefði hann fengið sáðlát. Stúlkan hefði síðan viljað hætta í miðjum samförum. Þeir hefðu spurt hana hvers vegna og hún gefið þá skýringu að hún hefði samviskubit vegna kærasta síns. Ákærði kvað samfarirnar hafa verið með samþykki stúlkunnar, en hún hefði sjálf klætt sig úr fötunum. Henni hefði fundist þetta gott, en síðan allt í einu farið að gráta og viljað hætta. Ákærði kvað þá Stefán hafa meinað stúlkunni að fara berfættri út úr húsinu og hefðu þeir eftir það ekið henni að heimili vinkonu hennar við Laugaveg. Við yfirheyrslu 28. nóvember neitaði ákærði að hafa haldið á stúlkunni inn í húsið er þau komu þangað. Hann kvað þau hafa gengið öll þrjú inn saman, en hann hefði engan séð þarna fyrir utan. Ákærði kvaðst hafa farið inn í eldhús þegar þau komu inn í íbúðina. Hann hefði því ekki séð hvernig stúlkan og Stefán afklæddust og ekki verið vitni að samskiptum þeirra í upphafi. Við yfirheyrslu 25. janúar 2012 kvað ákærði eitthvert fólk sem hefði verið gestkomandi hjá nágretta hans hafa verið utan við húsið er þau komu þangað. Ákærði neitaði því að hafa borið stúlkuna inn í húsið, en kvaðst hins vegar hafa borið hana út í bifreiðina þegar þau yfirgáfu húsið, vegna þess að það hefði verið mikið „slabb“ fyrir utan.

A gaf skýrslu hjá lögreglu 28. nóvember 2011. Hún lýsti atvikum á sama veg og fyrr. Hún kvað ákærða Þorstein hafa tekið sig út úr bifreiðinni er þau komu að húsinu við Lindargötu, lagt hana yfir öxl sér og borið hana þannig inn í íbúðina. Hann hefði lagt hana í rúmið þegar inn kom og ákærði Stefán afklætt hana og síðan sig. Hefði Stefán því næst byrjað að hafa við hana samræði og haldið höndum hennar á meðan. Hann hefði síðan kallað til Þorsteins og spurt hann hvort hann vildi ekki vera með. Stefán hefði lagst á bakið í rúminu, haldið höfði hennar og látið hana hafa við sig munnmök, en Þorsteinn hefði lagst aftan við hana og haft við hana samræði á meðan. Þeir hefðu síðan skipt um stellingar, þannig að Þorsteinn lá á bakinu og lét hana hafa við sig munnmök, en Stefán var fyrir aftan hana og hafði við hana samræði. A kvaðst hafa beðið ákærðu um að hætta, en þeir hefðu ekki sinnt því. Þá hefðu ákærðu haldið höndum hennar meðan á þessu stóð. Hún kvaðst hafa klórað Stefán í lærið þegar hann var að láta hana hafa við sig munnmök. Hún hafi ekki viljað gera þetta, ekki vitað hvað hún ætti að gera og því verið að „reyna eitthvað“. Þegar ákærðu hættu hefði hún klætt sig og ætlað að yfirgefa íbúðina, en ákærði Þorsteinn hefði þá tekið hana og borið hana út í bifreiðina með sama hætti og fyrr. Ákærðu hefðu síðan ekið henni upp á Laugaveg, þar sem hún hefði yfirgefið bifreiðina. Borið var undir A að rannsókn á gsm-síma hennar hefði leitt í ljós að hún hefði sent sms-skilaboð í síma ákærða Stefáns um nóttina, þar sem hún spurði hvort hann gæti skutlað sér heim. Hún kvaðst ekki muna eftir því.

Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla Neyðarmóttöku frá 27. nóvember 2011, um réttarlæknisfræðilega skoðun á A. Þar kemur fram að A hafi skýrt frá því að hafa verið nauðgað af tveimur mönnum. Hún hafi kannast við annan þeirra, sem hefði verið að áreita hana í einhvern tíma með stöðugum símhringingum og sms-skilaboðum. A hafi verið í greinilegu uppnámi, en borið sig vel. Hún hafi verið

trúverðug. Komið hafi fram hjá henni að hún hafi ekki þorað að veita mótspyrnu, en mennirnir væru tröllvaxnir. A sé hins vegar lítil og grönn, en í skýrslunni kemur fram að hún hafi mælst 1,59 m á hæð og vegið 49 kg við læknisskoðun. Þá kemur fram að engin áverkamerki hafi verið að sjá á líkama hennar eða kynfærum.

Þá liggur fyrir vottorð Margrétar A. Hauksdóttur sálfræðings, dagsett 23. nóvember 2012, vegna A, en fram kemur að A hafi sótt 29 viðtöl hjá sálfræðingnum. Í vottorðinu kemur m.a. fram að viðmót og hegðun A bendi til þess að hún hafi upplifað mikla ógn, ótta og bjargarleysi á meðan meint nauðgun átti sér stað. Þá þyki ljóst að atvikið hafi haft viðtæk og alvarleg áhrif á hana. Niðurstöður greiningarmats sýni að A þjáist af áfallastreituröskun í kjölfar meints kynferðisbrots.

Ákærðu gengust undir réttarlæknisfræðilega skoðun eftir handtöku og eru skýrslur um þá skoðun meðal gagna málsins. Kemur þar fram að ákærði Stefán hafi verið með tvær roðarákir þvert á milli herðablaða og tvær rispur framan á hægri læri, u.þ.b. 2 cm. Hann hafi mælst 1,78 m á hæð og vegið 89 kg. Enga áverka hafi verið að sjá á ákærða Þorsteini. Hann hafi mælst 1,80 m á hæð og vegið 95 kg.

Í málinu liggja fyrir gögn um rannsókn lögreglu á gsm-síma A og endurrit af sms-samskiptum við símanúmer ákærða Stefáns. Þá kemur fram að lögregla hafi reynt að hafa uppi á leigubifreiðarstjóra, sem ákærðu sögðust hafa rætt stuttlega við utan við húsið við Lindargötu 34a umrætt kvöld, en sú eftirgrennslan hafi ekki borið árangur. Einnig hafi verið kannað hvort til væru upptökur úr öryggismyndavélum við veitingastaðinn við Hlemm og Arion banka við Laugaveg, sem gætu varpað ljósi á samskipti ákærðu og A, en slíkum upptökum hafi ekki verið til að dreifa.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði, *Stefán Logi Sívarsson*, kvaðst hafa hitt A nokkrum dögum fyrir atburðinn í söluturni þar sem hún var að vinna. Hann kvaðst hafa beðið hana um símanúmer hennar og hefði hún látið hann fá það. Hann kvaðst hafa hringt til hennar og sent henni sms-skilaboð næstu daga, en ekki fengið sérstakar viðtökur. Hann hefði síðan fengið sms-skilaboð frá stúlkunni að kvöldi 26. nóvember og hefðu þau ákveðið að hittast. Hann hefði síðan hringt í hana um kvöldið, en þá hefði einhver strákur svarað, sem sagðist vera kærasti hennar. Ákærði kvaðst síðan hafa fengið sms-skilaboð frá stúlkunni um nóttina og hefði hún beðið hann um að sækja sig á veitingastað við Hlemm. Hann hefði gert það og ætlað að aka henni heim. Meðákærði Þorsteinn hefði verið með honum í för. Hann hefði stöðvað bifreiðina við bensínstöð við Snorrabraut og Þorsteinn farið út að dæla bensíni. Hann hefði snúið sér að stúlkunni, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, og hefði hún þá komið hálfvegis fram í til hans og byrjað að kyssa hann. Ákærði kvaðst hafa stungið upp á því að þau færu heim til Þorsteins og hefði hún samþykkt það. Þegar þau komu að heimili Þorsteins við Lindargötu hefði leigubifreið verið þar fyrir utan og hefði bifreiðarstjórinn beðið hann um að banka upp á hjá C, nággranna Þorsteins, til að láta hann vita að leigubifreiðin væri komin. Ákærði kvaðst hafa gert það og hefði hann séð E fara út í leigubifreiðina ásamt einhverju fólki. Hann og stúlkan hefðu farið beint upp í rúm þegar þau komu inn til Þorsteins. Þau hefðu kysst þar og klætt hvort annað úr fötunum. Síðan hefðu þau byrjað að hafa samræði.

Þorsteinn hefði setið skammt frá þeim við tölvu. Ákærði kvað sér hafa þótt óþægilegt að hafa Þorstein þarna viðstaddan og hefði hann því spurt stúlkuna hvort þau ættu ekki að leyfa honum að vera með. Hún hefði svarað: „Jú jú“. Ákærði kvaðst hafa spurt hana: „Ertu viss?“ og hefði hún svarað því játandi. Ákærði kvað að sér hefði fundist þetta skrítið og því spurt hana enn hvort hún væri viss og hún hefði játað því. Hann kvaðst þá hafa spurt Þorstein hvort hann vildi vera með og hefði hann svarað því játandi. Þorsteinn hefði komið upp í rúm til þeirra, en ákærði kvaðst þá hafa farið á salernið. Þegar hann kom til baka hefðu Þorsteinn og stúlkan verið að hafa samfarir. Ákærði kvað stúlkuna síðan hafa fengið samviskubit og hefði hún talað um að það væri vegna þess að hún ætti kærasta. Ákærði kvaðst þá hafa hætt að hafa samfarir við hana. Hún hefði viljað fara og ætlað að ganga berfætt út, en hann hefði sagt við hana að hún færi ekki út þannig. Hefði Þorsteinn borið hana út í bifreiðina. Hún hefði beðið þá um að aka sér til vinkonu sinnar sem byggði við Laugaveg og hefðu þeir hleypt henni út úr bifreiðinni þar. Ákærði kvað þau hafa rætt saman áður en hún fór og ákveðið að vera áfram í sambandi.

Ákærði kvað það vera rangt sem komið hefði fram hjá stúlkunni að hún hefði verið borin inn í húsið. Hann kvað þau hafa farið rakleidis upp í rúm og hefði hann klætt stúlkuna úr kjólnum og hún klætt hann úr bol sem hann var íklæddur. Nánar spurður kvað hann þó geta verið að stúlkan hefði sjálf klætt sig úr kjólnum, eins og hann hefði borið um hjá lögreglu. Ákærði kvað stúlkuna hafa verið samþykka því að hann hefði samræði við hana og hefði hún átt frumkvæði að því með því að kyssa hann í bifreiðinni. Hann kvað sér hafa þótt óþægilegt að Þorsteinn væri að horfa á þau hafa samfarir og hefði hann því boðið honum að vera með. Spurður hvort það hefði hvarflað að honum að biðja Þorstein um að víkja frá sagði ákærði að hann hefði velt því fyrir sér, en honum hefði fundist það dónalegt að biðja hann um að fara eitthvað út í nóttina, enda hefðu þau verið heima hjá honum. Hann hefði síðan farið á salerni, eins og áður var lýst, og hefðu Þorsteinn og stúlkan verið byrjuð að hafa samfarir þegar hann kom til baka. Hann hefði verið með þeim, þannig að Þorsteinn hafði samfarir við stúlkuna á meðan hún hafði munnmök við hann, en síðan hefðu þeir skipt um stellingu, þannig að hann hefði samfarir við stúlkuna á meðan hún hafði munnmök við Þorstein. Hann kvað stúlkuna hafa klórað sig í lærið í einhverjum æsingi, en henni hefði þótt þetta gott. Rétt á eftir hefði hún byrjað að kjökra og borið því við að hún hefði samviskubit vegna einhvers stráks. Kvað ákærði sig minn að hann hefði verið að hafa munnmök við stúlkuna þegar hún fór að gráta. Hún hefði farið að tala um að hún væri í sambandi eða að hún væri nýhætt sambandi við þennan strák. Henni hefði ekki líðið vel og hefði hún ætlað að fara út úr íbúðinni skólaus. Hún hefði þó verið í ágætu jafnvægi þegar þeir skildu við hana við Laugaveg.

Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa rifið í hár stúlkunnar meðan á kynferðismökunum stóð, eða að hafa haldið höndum hennar eða fótum. Þá hefði hún ekki reynt að ýta honum frá sér. Hann kvaðst hafa keppt í lyftingum og teldi hann því að séð hefði á stúlkunni hefði hann haldið henni.

Ákærði, *Þorsteinn Birgisson*, kvaðst hafa verið með meðákærða Stefáni þessa nótt og hefði Stefán verið í símasambandi við þessa stúlku. Þeir hefðu farið á bifreið Stefáns að sækja stúlkuna á veitingastað við Hlemm og stöðvað við bensínstöð við Snorrabraut. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og dælt á hana bensíni. Hann hefði þá séð að stúlkan var hálfvegis komin fram í bifreiðina og var að kyssa Stefán. Þau hefðu síðan farið heim til ákærða að Lindargötu 34a.

Þegar þangað kom hefði leigubifreið verið kyrrstæð í götunni og hefði ökumaðurinn, sem var kona, beðið þau um að sækja fólk í teiti í húsinu á móti. Hann kvaðst síðan hafa mætt C nágranna sínum sem hefði verið á leið út í leigubifreiðina. Ákærði kvaðst hafa gengið með stúlkunni inn í húsið og stutt við hana, en það hefði verið hált og hún verið í háhæluðum skóm. Hann kvaðst hafa farið inn í eldhús þegar inn kom. Stefán og stúlkan hefðu byrjað að kyssast og klæða hvort annað úr og síðan haft samfarir. Ákærði kvaðst hafa farið í tölvuna. Síðan hefði borist í tal að hann yrði með. Ekki kvaðst ákærði muna nákvæmlega hvernig það bar að. Hann kvað sig þó minna að Stefán hefði spurt stúlkuna hvort henni væri sama þótt hann væri þarna og henni hefði verið alveg sama. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að taka þátt í kynferðismökunum og hefði hann haft samfarir við stúlkuna. Eftir það hefði stúlkan farið að gráta og viljað fara burt. Hún hefði verið „í einhverju panikk kasti“ og viljað fara út skólaus, en þeir hefðu aftrað henni frá því. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið varlega á henni út í bifreiðina, í fanginu að því er hann taldi. Þeir hefðu síðan ekið henni að heimili vinkonu hennar við Laugaveg. Ákærði tók fram að minni hans væri slæmt vegna slyss sem hann hefði orðið fyrir.

Nánar spurður kvað ákærði sig minna að Stefán hafi spurt stúlkuna hvort henni þætti óþægilegt að hann væri þarna inni eða hvort henni væri sama um það og loks hvort henni væri sama þótt hann tæki þátt í kynferðismökunum. Hún hefði bara sagt: „Já“. Hann kvaðst hafa haft samfarir við stúlkuna eftir að hann kom upp í rúmið og hefði hann þá verið aftan við hana og hún haft munnmök við Stefán á meðan. Síðan hefði Stefán haft samfarir við hana á meðan hún hafði munnmök við hann.

Ákærði neitaði því að hafa haldið stúlkunni eða rífið í hár hennar. Hann kvað hana hafa notið kynmakanna. Hann kvaðst hafa orðið var við að hún kleip Stefán í lærið og hefði hann beðið hana um að hætta. Skömmu síðar hefði hún farið að gráta.

Vitnið, A, kvað ákærða Stefán hafa komið á myndbandaleigu þar sem hún var að vinna og hefði hún látið honum eftir símanúmer sitt. Næstu daga hefði ákærði sent henni fjölmörg sms-skilaboð og hringt til hennar. A kvaðst hafa sótt jólahlaðborð með vinnufélögum sínum laugardagskvöldið 26. nóvember og verið að skemmta sér með þeim um nóttina. Þau hefðu endað á veitingastað við Hlemm þar sem þau fengu sér að borða. A kvaðst hafa verið að reyna að útvega sér far heim og hefði hún hringt eða sent sms-skilaboð í nokkrar vinkonur sínar, fyrrverandi kærasta sinn, systur sína og kærasta hennar sem heiti X og hefði hann svarað að hann ætlaði að koma að sækja hana. Hún kvaðst ekki muna eftir því að hafa hringt til ákærða Stefáns. Síðan hefði sími hennar hringt og maður sagt að hann væri kominn. Hún kvaðst hafa haldið að það væri X, farið út og sest inn í bifreiðina sem þar beið, en þá hefðu ákærðu verið í bifreiðinni. A kvaðst hafa ætlað að fara út úr bifreiðinni þegar hún áttaði sig á þessu, en dyrnar hefðu verið læstar. Hún kvað ákærða Stefán hafa boðist til að aka henni heim. Hann hefði hins vegar ekið í aðra átt. Hún kvaðst hafa ítrekað við hann að hún vildi að hann skutlaði sér heim. Þegar þau komu að húsinu við Lindargötu hefði ákærði Þorsteinn opnað farþegadyrnar fyrir henni og hefði hún enn spurt hvort þeir gætu ekki skutlað henni heim. Þeir hefðu neitað því og sagst ætla aðeins inn. A kvaðst hafa gengið nokkur skref og spurt aftur hvort þeir gætu ekki skutlað henni heim. Þá hefði Þorsteinn tekið hana upp, lagt hana yfir öxl sér, borið hana þannig inn í húsið og látið hana niður á

rúmið. Hann hefði síðan sest við tölvu sem þarna var. A kvaðst enn hafa ítrekað að hún vildi fara heim. Ákærði Stefán hefði gengið að henni og klætt sig úr bolnum. Hann hefði síðan klætt hana úr kjól og nærbuxum og ýtt henni niður svo að hún lá á bakinu. Hún kvaðst hafa sest upp en hann hefði ýtt henni niður aftur. Stefán hefði þvínæst afklæðst, tekið um úlnliði hennar og haldið henni niðri. Þá hefði hann sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar og „hamast á“ henni. A kvaðst hafa beðið ákærða um að hætta, en hann hefði ekki sinnt því. Þá hefði ákærði Þorsteinn ekkert aðhafst þótt hann hefði verið viðstaddur og heyrt hana biðja Stefán um að hætta. Síðan hefði Stefán spurt hana hvort henni væri sama þótt vinur hans myndi „joina“. Hún kvaðst hafa svarað því neitandi og að henni væri heldur ekki sama um það sem hann var að gera. Þá hefði Þorsteinn risið á fætur, lagst fyrir framan hana í rúminu, en Stefán fyrir aftan hana. Hefði Þorsteinn tekið í höfuð hennar og sagt: „Settu hann upp í þig“. Hún kvaðst hafa reynt að ýta Þorsteini frá, en hann hefði togað í höfuð hennar og látið hana „totta“ sig. Stefán hefði sett getnaðarlim sinn inn í hana aftur og haft við hana samræði. Á þessu hefði gengið í nokkra stund. Þá hefðu ákærðu skipt um stað í rúminu. Stefán hefði togað í höfuð hennar og látið hana „totta“ sig, en Þorsteinn hefði sett liminn inn í hana og haft við hana samræði. Eftir stutta stund hefði Stefán spurt Þorstein hvort hann væri „búinn að fá það“. Þorsteinn hefði játað því og risið á fætur, en Stefán haldið áfram. Hann hefði stuttu síðar hætt að hafa við hana samræði. A kvaðst hafa tárast þarna í lokin. Hún kvaðst hafa gripið fót sín og veski, klætt sig og ætlað út. Þá hefði Þorsteinn staðið fyrir dyrunum og ekki viljað hleypa henni út. Stefán hefði sagt honum að setja hana út í bifreiðina og hefði hann þá lagt hana yfir öxlina og borið hana þannig eins og áður. Ákærðu hefðu ekið henni upp á Laugaveg, þar sem hún fór út úr bifreiðinni skammt frá heimili B vinkonu hennar.

A kvaðst hafa beðið Stefán um að hætta þegar hann afklæddi hana og hefði hún reynt að ýta honum frá sér. Hún hefði líka beðið hann um að hætta þegar hann var að „hamast á henni“. Áður hefði hún margoft verið búin að biðja hann um að aka sér heim. Þorsteinn hefði setið rétt hjá þeim og það hefði ekki getað farið fram hjá honum þegar hún bað Stefán um að hætta. Hún kvaðst hafa beðið Þorstein hins sama þegar hann byrjaði að hafa kynferðismök við hana. Hún kvað ákærðu báða hafa tekið í hár hennar þegar þeir létu hana „totta“ sig. Þá hefði hún klórað í læri Stefáns þegar hann hélt um höfuð hennar og lét hana hafa við sig munnmök. Hún hefði verið að reyna að ýta honum frá sér.

A kvaðst hafa rætt um það við vinnufélaga sína í samkvæminu kvöldið áður að þessi maður væri ágengur við hana. Hefði vinkona hennar spurt hana hvað hann hétí, en hún ekki munað það og sent honum sms-skilaboð þar sem hún spurði hann að nafni. Síðar um kvöldið hefði maðurinn hringt og Z vinur hennar svarað símanum.

A kvaðst ekki hafa átt kærasta þegar þetta var og hefði hún ekki heldur verið nýhætt með kærasta. Hún hafnaði því alfarið að hafa kysst Stefán í bifreiðinni. Hún kvaðst ekki minnst þess að þau hefðu stöðvað við bensinstöð. Þá kvaðst hún ekki muna eftir því að leigubifreið hefði verið utan við húsið við Lindargötu þegar þau komu þangað.

A var bent á að við skoðun á síma hennar hefði ekki komið fram tenging við símanúmer X, sem hún teldi sig hafa sent sms-skilaboð um að sækja sig á veitingastaðinn við Hlemm. Nánar spurð kvaðst A telja að hún hefði ætlað að senda

X sms-skilaboð, en sent þau á símanúmer Stefáns fyrir mistök. Þá hafi hún talið að Stefán væri X, þegar hann hringdi og sagðist vera kominn.

Vitnið, Z, kvaðst hafa sótt jólahlaðborð ásamt A og fleiri vinnufélögum sínum að kvöldi 26. nóvember 2011. Hann hefði síðan farið heim ásamt B, kærustu sinni, og hefðu þau verið að ganga til náða þegar þau fengu símtal frá A, sem var hágrátandi, og spurði hvort hún mætti koma í heimsókn. Hún hefði komið um fimm mínútum síðar. Hún hefði verið hágrátandi, skólaus og hálfklædd. Hún hefði sagt þeim að sér hefði verið nauðgað af tveimur strákum. Hún hefði titrað og skolfið og brotnað algjörlega niður þegar þau opnuðu dyrnar fyrir henni. Ekki hefði verið hægt að ræða við hana fyrstu 10 til 15 mínúturnar, hún hefði verið alveg í losti.

Z kvaðst hafa vitað til þess að annar þessara manna hefði verið að hringja stanslaust til hennar. Þegar þau voru að borða kvöldið áður hefði verið hringt úr símanúmeri þessa manns í síma A og hefði vinkona hennar manað hana til að svara og segja manninum að hætta að vera svona uppáþrengjandi, þetta væri farið að vera „frekar creepy“. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa rætt við manninn í síma um kvöldið, en það geti þó verið.

Vitnið, B, kvað A hafa hringt í síma Z og hefði hún heyrt að hún var hágrátandi. Þegar hún kom til þeirra hefði hún varla verið klædd og hún hefði haldið á flestöllum fötunum sínum. Hún hefði hágrátið, nötrað og skolfið. Þau hefðu náð að veiða upp úr henni hvað hefði gerst og hringt til lögreglu.

Vitnið, C, kvaðst vera nágranni ákærða Þorsteins og búa í húsinu að Lindargötu 34. Hann kvaðst hafa verið að bíða eftir leigubifreið í umrætt sinn þegar ákærði Stefán hefði bankað hjá honum og látið hann vita að bifreiðin væri komin. Hann hefði séð Þorstein og einhverja stúlku og hefðu þau gengið inn í húsið og allt virst í góðu lagi á milli þeirra. Síðar um kvöldið hefði hann farið út með hundana og hefði hann þá heyrt að fólk var að tala saman og skemmta sér inni hjá Þorsteini. Nánar spurður sagði hann það hafa verið um morguninn. Hann kvaðst muna eftir þessu vegna þess að daginn eftir hefði allt fyllst af lögreglumönnum við húsið. Hann kvaðst ekki geta lýst stúlkunni, enda ætti hann erfitt með að lýsa útliti fólks almennt. Honum var kynnt að haft væri eftir honum í lögregluskýrslu að stúlkan hefði verið ljóshærð, en hann kvaðst ekki muna það. Þá kvaðst hann ekki muna hver var hjá honum þetta kvöld, en taldi að það hefði verið einn gestur.

Vitnið, D, kvaðst vera fyrrverandi kærasti A. Þau hefðu slitið sambandi rúmu ári fyrir þennan atburð, eða 1. maí 2010. D kvaðst vita að hún hefði ekki átt kærasta á þessum tíma, en þau hefðu haldið góðu sambandi og hann hefði vitað ef svo hefði verið. Hann kvaðst hafa fylgt A til sálfræðings í marga mánuði eftir atburðinn. Hún hefði verið gjörsamlega niðurbrotin eftir þetta og átt í miklum erfiðleikum um margra mánaða skeið.

Vitnið, *Kristín Andersen* kvensjúkdómalæknir, sem skoðaði A á Neyðarmóttöku, kvað hana hafa verið í greinilegu uppnámi og hefði henni liðið mjög illa. Hún hefði titrað, skolfið og grátið. Vitnið kvað A hafa virkað einlæga og hefði hún talið frásögn hennar trúverðuga.

Vitnið, *Margrét A. Hauksdóttir* sálfræðingur, kvað A hafa sótt 30 viðtöl hjá sér og væri niðurstaða endurtekens greiningarmats sú að hún þjáðist af alvarlegri

áfallastreituröskun og þunglyndi, sem rekja megi til verknaðar ákærðu. A hafi upplifað ofsaotta í þeim aðstæðum sem hún lenti í. Þá hafi hún upplifað sálræn einkenni í kjölfar atburðarins, eins og rakið er í vottorði vitnisins. Hún hafi átt erfitt með að segja frá því sem gerðist, verið hrædd og grátið mikið. Hún hafi verið trúverðug að mati vitnisins og fullt samræmi í frásögn hennar. Vitnið kvað ekki hægt að fullyrða um hvort A muni ná fullum bata.

Vitnið, *Óskar Geir Guðmundsson* lögreglumaður, sem ræddi við A á heimili B eftir að tilkynnt hafði verið um atburðinn, kvað hana hafa verið í miklu uppnámi og hefði hún skolfið og grátið. Vitnið kvaðst hafa ritað eftir stúlkunni lýsingu á atburðinum, m.a. að mennirnir hefðu haldið fótum hennar. Hann kvaðst þó ekki muna hvort hann ritaði orðrétt eftir henni.

Vitnið, *Þórir Ingvarsson* rannsóknarlögreglumaður, sem ræddi við A á Neyðarmóttöku, kvað hana hafa sýnt dæmigerð „kreppuviðbrögð“. Hún hefði grátið og átt erfitt. Ekki hefði verið að sjá að stúlkan væri ölvuð og hefði ástand hennar verið þannig að hann treysti henni til að gefa skýrslu fyrir læknisskoðun.

Þá gaf vitnið, *Gísli Þorsteinsson* lögreglufulltrúi, skýrslu fyrir dóminum og gerði grein fyrir rannsókn málsins. Ekki eru efni til að rekja framburð vitnisins.

Niðurstaða

Ákærðu neita sök. Þeir viðurkenna að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við A, eins og lýst er í ákæru, en hafa borið að það hafi verið með hennar vilja. Ákærðu kveðast ekki hafa beitt stúlkuna ofbeldi eða ólögmati nauðung eins og þeim er gefið að sök.

A hefur borið að ákærðu hafi, gegn vilja hennar, farið með hana á heimili ákærða Þorsteins og þröngvað henni þar til samræðis og munnmaka eins og í ákæru greinir, m.a. með því að halda höndum hennar og höfði. Framburður ákærðu er um margt misvísandi og ótrúverðugur að mati dómsins. Bera skýrslur ákærðu með sér að þeir hafi leitast við að samræma framburð sinn. Svo sem rakið hefur verið hitti ákærði Stefán A nokkrum dögum fyrir atburðinn. Hefur stúlkan borið að ákærði hafi verið mjög ágengur við hana, en hún hafi ekki haft áhuga á frekari kynnum við hann. Fær sá framburður stuðning af gögnum um símasamskipti þeirra og framburði vitna, sem rakinn hefur verið. Stúlkan kannast ekki við að hafa sent ákærða símaskilaboð um að sækja sig þessa nótt og hefur gefið þá skýringu að skilaboðin hafi verið öðrum ætluð. Í ljósi þess sem fram er komið um samskipti ákærða og stúlkunnar þykir frásögn hans um að hún hafi kysst hann í bifreiðinni vera með miklum ólíkindablæ og verður sú ályktun dregin af framburði Þorsteins við upphaf lögreglurannsóknar að hann hafi ekki orðið vitni að slíku, þó að hann hafi borið um það á síðari stigum. Ákærði Stefán hefur borið að C og ókunnur leigubifreiðarstjóri hafi verið vitni að því að stúlkan hafi farið sjálfviljug inn á heimili meðákærða. Sú frásögn fær að mati dómsins ekki stöð í framburði ákærða Þorsteins, sem greindi frá því við lögreglurannsókn málsins að hann hefði engan séð er þau komu að húsinu, en bar síðar á sama veg og meðákærði um þetta. Lýsingar vitnisins C um atvik að þessu leyti eru óljósar og er framburður ákærðu og vitnisins um samskipti þeirra og atvik í umrætt sinn misvísandi. Þá leiddi

eftirgrennslan lögreglu ekki í ljós að leigubifreið hefði verið kölluð að heimili vitnisins í umrætt sinn.

Ákærðu kannast við að stúlkan hafi farið að gráta meðan á kynferðismökum þeirra við hana stóð. Þá bera vitni að hún hafi verið illa á sig komin, í miklu uppnámi og grátandi eftir atburðinn. Miðað við aðdraganda þess að ákærðu höfðu kynferðismök við stúlkuna og ástand hennar á eftir, þykir ótrúverðugur framburður ákærðu um að hún hafi verið þeim samþykkt. Er jafnframt til þess að líta sem kom fram í vottorði og vitnisburði Margrétar A. Hauksdóttur sálfræðings að af viðtölum við stúlkuna verði ráðið að hún hafi upplifað mikla ógn, ofsaotta og bjargarleysi við atburðinn.

Framburður A er trúverðugur að mati dómsins. Hefur framburður hennar verið á einn veg um þau atriði sem skipta máli og fær jafnframt stoð í framburði vitna og gögnum málsins, svo sem rakið hefur verið. Framburður ákærðu er að sama skapi ótrúverðugur og misvísandi um tiltekin atriði. Er það niðurstaða dómsins að leggja beri frásögn A til grundvallar í málinu. Þykir sannað að ákærðu hafi beitt stúlkuna ofbeldi til að koma fram vilja sínum við hana. Þá notfærðu ákærðu sér þann aðstöðumun sem var með þeim og stúlkunni, sem var ein með tveimur ókunnum mönnum á ókunnum stað, auk þess sem ákærðu eru sterklega byggðir og vöktu þeir með henni ógn með framkomu sinni. Þykir sannað að ákærðu hafi með ofbeldi og ólögmati nauðung þröngvað stúlkunni til samræðis og annarra kynferðismaka svo sem í ákæru greinir. Verða ákærðu sakfelldir samkvæmt ákæru og varðar háttsemi þeirra við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Stefán Logi er fæddur í október 1981. Hann á sér allnokkurn sakaferil, allt aftur til ársins 1998. Hefur ákærði hlotið 8 refsidóma og fjórum sinnum gengist undir sektarrefsingu vegna líkamsárása, auðgunarbrot, umferðar- og fíkniefnalagabrot. Meðal annars var ákærði í maí 2003 dæmdur til tveggja ára fangelsisrefsingar vegna brots gegn 2. mgr. 218. gr., 1. mgr. 217. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann í október 2004 dæmdur til þriggja ára fangelsisrefsingar vegna brots gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en með þeim dómi var jafnframt dæmd upp 360 daga reynslulausn. Þótt refsidómar sem ákærði hefur hlotið hafi ekki ítrekunaráhrif þykir, með vísan til 5. tölul. 70. gr. almennra hegningarlaga, mega horfa til sakaferils hans við ákvörðun refsingar í málinu.

Ákærði Þorsteinn er fæddur í maí 1988. Hann hefur frá árinu 2005 sex sinnum gengist undir sektarrefsingu vegna umferðar-, áfengis- og fíkniefnalagabrot. Árið 2007 var hann dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar vegna líkamsárásar og eignaspjalla. Þá hlaut hann 10 mánaða fangelsisdóm vegna brots gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga í október 2010. Síðast gekkst ákærði undir sektargerð vegna fíkniefnalagabrots 30. mars 2012 og verður refsing hans í málinu því ákveðin sem hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir nauðgun með því að veitast í sameiningu að A, sem var tæpra 19 ára að aldri, og þröngva henni með ofbeldi og ólögmati nauðung til samræðis og munnmaka. Brot ákærðu var alvarlegt og háttsemi þeirra sérlega niðurlægjandi fyrir stúlkuna. Hefur háttsemi þeirra valdið stúlkunni mikilli andlegri vanlíðan. Þá sýndu ákærðu einbeittan brotavilja. Með hliðsjón af öllu

framansögðu og með vísan til 1., 2. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða Stefáns Loga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár, en ákærða Þorsteins fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Réttargæslumaður brotaþola hefur, á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga, krafist miskabóta úr hendi ákærðu í sameiningu að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta. Með broti því sem ákærðu hafa framið hafa þeir bakað sér miskabótaábyrgð gagnvart brotaþola. Í málinu liggur fyrir vottorð sálfræðings þar sem kemur fram að brotið hafi haft djúpstæð áhrif á líðan brotaþola og glími hún við alvarleg einkenni áfallastreituröskunar og þunglyndis. Kom fram í vitnisburði sálfræðingsins að óvíst væri um batahorfur hennar. Verða ákærðu dæmdir til greiðslu miskabótakröfu eins og hún er fram sett, með vöxtum sem í dómsorði greinir.

Ákærði Stefán Logi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., vegna vinnu á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi, 502.500 krónur. Ákærði Þorsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 439.250 krónur, og þóknun verjanda síns við lögreglurannsókn málsins, Daða Ólafs Elíassonar hdl., 62.750 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærðu greiði í sameiningu annan sakarkostnað málsins, 564.707 krónur, þ.m.t. þóknun réttargæslumanns brotaþola, Margrétar Gunnlaugsdóttur hrl., 251.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari.

Héraðsdómarmennirnir Ragnheiður Harðardóttir, Pétur Guðgeirsson og Þórður S. Gunnarsson kváðu upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Stefán Logi Sívarsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Ákærði, Þorsteinn Birgisson, sæti fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Ákærðu greiði A óskipt 2.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. nóvember 2011 til 25. febrúar 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Stefán Logi, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 502.500 krónur.

Ákærði Þorsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 439.250 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Daða Ólafs Elíassonar hdl., 62.750 krónur.

Ákærðu greiði í sameiningu 564.707 krónur í annan sakarkostnað, þ.m.t. þóknun réttargæslumanns brotaþola, Margrétar Gunnlaugsdóttur hrl., 251.000 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir

Pétur Guðgeirsson

Þórður S. Gunnarsson